

Fundur í Fagráði loftræsikerfa nr. 4 tímabilið 2012-2013

Fundarefni:	10. kafli nýrrar Byggingarreglugerðar		
Fundardagur:	21.11.2012	Fundartími:	12.00 – 14.00
Fundarstaður:	Lagnatækni, Hamraborg	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Sigurgeir Þórarinnsson (SP) og Kjartan Mar Eiríksson, (KME)		
Dreifing:	Fundarmenn, Karl Hákon Karlsson (KHK), Gunnar Björn Guðbjörnsson (GBG), Guðmundur Jónatansson (GJ) og Kristján Ottóson - LAFÍ		

Fundarefni var það sama og á síðustu fundum, 10. kafli byggingarreglugerðarinnar. Unnið var áfram með word-útgáfu af kaflanum þar sem settar voru inn athugasemdir handa Mannvirkjastofnun.

Helstu athugasemdir og umræður:

- Umfjöllun um neðri brún loftinntaka bætt.
- Umfjöllun um loftmagn í eldhúsum íbúða og einföldun á framsetningu gilda í grein 10.2.6.
- Möguleg sameining á greinum 10.2.7 og 8 um atvinnuhúsnaði og skóla.
- Breyting á orðalagi í grein 14.9.1. Kröfum um stærðir tæknirýma úr ÍST EN 13779 ítrekaðar.
- Orðalag lagað í grein 14.9.2.

Umfjöllun um reglugerðina verður kláruð á næsta fundi.

Stjórn Lagnafélagsins vísaði fyrirspurn til fagráðsins, sem borist hafði inn á borð til þess. Fyrirspurnin var á þann máta hvort einföld útsogskerfi dugi fyrir íbúðarhúsnaði eftir að nýja reglugerðin tók gildi. Spurt var hvort blása þyrfti inn lofti á móti útsogslofti.

Fagráðið fjallaði um þetta. Byggingarreglugerðin gerir ekki kröfu til vélrænna kerfa. Það fer hins vegar eftir húsnaðinu hvaða lausnir eru mögulegar til að tryggja lágmarks kröfur um loftmagn, eins og þær eru settar fram í reglugerðinni. Það eru háar kröfur settar fram, hvað varðar útsog frá eldhúsum og við þær bætast útsog frá baðherbergjum og snyrtingum í reglugerðinni. Ef að séð er fyrir ferskloftsofnunum fyrir þetta útsog, sem tryggja umbeðið loftmagn, má útfæra það án innblásturs. Hins vegar er rétt að vekja athygli á litlum hánýtni samstæðum sem sjá fyrir síuðu innblástursloftmagni og nýta varma úr útsogi m.t.t. orkusparnaðar og fleiri atriða.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 28. nóvember nk.